

Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um fulltrúa Íslands á erlendum vettvangi.

Frá Birgittu Jónsdóttur.

1. Hverjir voru fulltrúar utanríkisþjónustunnar á þingum og fundum Sameinuðu þjóðanna og undirstofnana þeirra, Norður-Atlantshafsbandalagsins, Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, Fríverslunarsamtaka Evrópu, Efnahags- og framfarastofnunarinnar, Norðurskautsráðsins, Barentsráðsins, Norðlægu víddarinnar og NB8 á árinu 2013?
2. Er til yfirlit eða aðgengilegar upplýsingar um það hvernig fulltrúar Íslands á fyrrgreindum samkomum hafa greitt atkvæði?
3. Hvaða almennu sjónarmið ráða helst í ákvarðanatöku íslenskra fulltrúa í atkvæðagreiðslum á alþjóðlegum vettvangi fyrir hönd ríkisins?

Skriflegt svar óskast.